

LESID

Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building
Skriftd. Telefón 6428. Heimilis Telefón 274

Heimskringla.

OG SVO

Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building

XXII. ÁR.

WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN. 5. MARZ, 1908

Nr. 23

ROYAL CROWN SOAP

Hin alpekta
Winnipeg
harðvatnssápa

Hón er báin til eftir sérstakri
forakrifi, með tilliti til harð-
vatnssins í þessu landi.
Vardveitið umbóðirnar og fáið
ymsar premtur fyrir. Báin til
eingöngu hjá —

**The Royal Crown
LIMITED
WINNIPEG**

Fregnsafu

Markverðustu viðburðir
hvaðanæfa.

Herforingi Stoessel, sem 20.
febr. sl. var dæmdur til lífslífs fyrir
illa vörn á Port Arthur hervirk-
jun, var samtímis náðaður til 10
ára fangavistar fyrir hetjulegan
dugnað við vörn þess sama staðar.
Dómur þessi hefur mest mjög illa
fyrir hvervetna, sem til hefur
spurst og einkanlega á Rússlandi.
Sjálfur hefur Stoessel heitið keisar-
ann um algerlega friðkenningu eða
lífbát. Hann segir að sé hann sekur
þá verðskuldi hann enga vægð, og
vilji enga náðum þiggja, en sé hann
ekki sekur þá sé rétt að veita sér
fult frelsi.

— Í Havelock sveit var í síð-
ustu yfirlit samþykkt með atkvæð-
um, að hækka vinnuveitgagneyfi allra
hotela í sveitinni úr \$250, sem það
hefur verið, upp í \$750 um árið.
Að eins 58 kjósendur í allri sveit-
inni greiddu atkvæði með legra
gjöldum. Þau 3 hótél, sem nú eru
í sveitinni, segjast loka dyrum sín-
um og hætta starfi þann 1. maí
næstk. Þegar hækkanin gengur
gildi.

NÝTT

NÝTIZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Fri keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
KIGNERUR

BJART

MIDSTÖÐVA

— J. K. Lee, bóndi 20 mílna
suður frá hennum McLeod í Al-
berta, sáði í sl. viku hveiti í 20
ekkrur. Margir bændur þar umhverfi
is ná í þessari og næstu viku.

— Arsskýrslur Bell telefón E3.
sýna, að á árinu 1907 hefur félagið
hafið í hreinan gróða af þráðum
sinnum í Canada eina millión og 43
þúsund dollara.

— Grand Trunk Pacific félagið
hefur auglýst, að það hafi samið
um byggingu á braut sinni á 300
mílna vegi milli Prince Rupert og
Kitsilagis hjá Skeena ánni, fyrir
70 þús. dollara á hverja mílu.

— Magill háskólinn í Montreal
varð fyrir 94 þús. dollara tekju-
halla á sl. ári. Inntektir skólans
urðu rúmlega hálft millión dollara,
en hrukku ekki til útgjalda.

— Nýja er skrifað frá Kaup-
mannahöfn, að snjóir hafi fallið þar
að eins trisvar á þessum vetri.
Allur snjóir á helstu götum þar,
er strax keyrður í burta, og þessi
tvö skotið kostaði að keyrsla bæj-
arsjóðinn rúm. 80 þús. kr.

— Í nýjtgættum stjórnskrýsl-
um frá Suður Dakota, er þess get-
ið, að á árinu 1907 hafi stjórna-
ríkis gefið 553 hjónaskilnaðarleyfi.
Af þeim voru 320 keyfi til utanrík-
ishjóna, sem ekki gátu búið saman.
Til þess að fá hjónaskilnað þar í
ríkinu, verður amur málsaðinn
að vera þar búsettur um 6 mánaða-
tímabil. Það er áætlað, að ríkið
hafi beinan og óbeinan hag er nemur
\$1500 við hvern hjónaskilnað, sem
veittur er þar, og að ríkið hafi
þess vegna á sl. ári tekið inn 480
þús. dollara í þessu sambandi frá
utanríkisfólki eingöngu. Skýrslur-
urnar telja vist, að ríkið hafi á sl.
10 ára tímabili grætt beint og ó-
beint hálfa millión dollara á tri-
fyrir hjónaskilnaði.

— Þrjú ungbörn í Madawaska
bæ í Ontario, það elsta 5 ára gam-
alt, brúna til bana á sunnudags-
kvöldi var. Foreldrarir voru
bæði úti og lokuð börnin inni
húsinu. En þau höfðu sett niður
lampa, sem brenndi húsíð með öllu,
sem í því var.


— Bólusky í Moncton, N.B., er
svo skað, að einu leikhúsinu þar
hefur verið lokað um tíma.

— Sú fregn kom frá Victoria, að
fundhöfðingur í sandhæðunum hjá
Urecks Bay á vesturströnd Van-
couver eyju. Sandbrekkur þessar
eru sagðar hundruð feta háar, og
svo gullauðugar, að nemi frá \$40
til \$100 í hverju tonni sands. Ö-
ð með því, að þar eru milljónir tons
af þessu efni, þá segja námanum,
að þangað verði mikill straumur
gulleitenda með vorinu.

— Hvernig Anarkistar gangi til
altaris kom í ljós í St. Elizabethar
kirkjunni í Denver, Col.,
á sunnudaginn var. Þar krapu við
altarisbrikina maður nokkur ný-
kominn þangað frá New York og
Chicago, að nafni Guarnaccio Gui-
seppe. Hann var Anarkist. Prestur-
inn, séra Leo, Heimricks, var að
útdeila, og er hann hafði borið
kaleikinn að vörum Guiseppe, þá
dró Anarkistinn upp skambyssu og
skaft sálusorgara sinn gegn um
hjartað. Maðurinn var strax tek-
inn og varpað í fangelsi.

— Rússneska þingið hefur til-
mælt útgjalda ætlan stjórnmá-
na til hertíðanna, að upphæð
1,078 milljónir dollara, frá þessum
tíma til ársins 1917. Þess var get-
ið í þinginu, að Rússar gætu sjálf-
ir framleitt allt það, sem herná-
leiddin þarfnast, svo að ekkert af
þessari ógna upphæð þyrfti að
fara út úr landinu, heldur gengi
mest til rússneskra verkamanna.

— Íþróttafélagið í Lundúnum er
að enda við byggingu eina alar-
mikla, sem ætlað er til íþróttanæf-
inga og skemmtana. Hús þetta er
sporöskjulagað og byggt úr stáli.
Leiksvið hússins er svo útbúið, að
það rúmar hæglega 70 þúsundir
manna, sem allir geta í einu séð,
hvað fram fer á leiksviðinu. Sjálf-
leiksviðið er eitt þúsund fet á
lengd og 594 fet á breidd, spor-
öskjamyndað. Umhverfis það er
afgirt svæði fyrir kaþlaupara og
kappgöngumenn, og er 3 hringir
ein milla vegar. Þar fyrir utan er
annar afgirtur hringur fyrir hjól-
og mótorvagna kappranir. Utan
við það svæði eru áhorfendasetin,
32 bekkjaradröf upphækkaðar með
fram hlöðum hússins. Á 75 feta



Konunglega leikhúsið, sem byggt verður og tekur til starfa í september næstk. á horni Notre Dame og Princess strata, Winnipeg. Kostað 100.000 dollara og rúmar 1400 áhorkendur. Verður al-
gerst nýttíðuhúsið að öllu leyti. Félagið býður Íslendingum að kaupa hluti í félaginu.

breiðu svæði til endanna eru 65
upphækkaðar pallaradröf fyrir stand-
andi áhorkendur. En sjálf-
miðmið er 700 feta lang- og 300
feta breitt. Mun það vera aðallega
ætlað fyrir líkamsæfingar, kapp-
bardaga og ýmislegt þess háttar.
Meðfram þessu svæði er sundpallur
100 metra langur, og er hann afar-
djúpur í miðjunni. Svo hefur verið
um samið, að íþróttamenn hvað-
anæfa úr brekka ríkinu reyni í
þróttir sínar á þessu svæði, sem á
að taka til starfa í apríl næstk.

— Mrs. Evelyn Thaw hefur látið
tíðleiddast að skilja við mann-
sinn, sem nú er á vífirringasítala fyrir
mordís á Stanford White, með
því skilyrði, að hann leggi henni
15 þúsund dollara á ári til æfíloka.

— Sprengikúlu var kastað að
Persakonungi þ. 28. jan., en hann
sakaði ekki, þó 3 fygðarmenn
hans biðu bana. Tveimur kúlu-
m var kastað að konungi af húsþaki
eina, er hann fór þar fram hjá, og
sprengdi það vagn þann, sem hal-
di var að konungur væri í. En
hann hafði búið við þessu og
keyrði í vagni afturlega í fylgðinni
og lét lítið á sér bera, og því ætti
hann að þakka, að hann slapp ó-
meiddur.

— Blaðið "Minnesota Mascot", er
landið var G. B. Björnsson gefur út
hefur nýlega verið stækkað að stór-
um mun. Blaðið er 8 bls., hver
síða 20x15½ þumbl. af þóttþrent-
uðu kensli. Letur hreinn og
glögt til lesturs. Herra Björnsson
hefur nýlega fengið nýja prentvél
og önnur áhöld, og ber blaðið þess
ljós merki.

— Þing Dana samþykkti 27. febr.,
með 32 gegn 29 atkvæðum, að
konur iafi hér eftir jafnrétti við
karlmenn í öllum sveitamánum.

— Tíu Anarkistar, þar af 2 kon-
ur, voru dæmdir til dauða í Pét-
ursborg þ. 27. febr. sl. fyrir sam-
sæmi til að ráða keisarafjölskyld-
una af dögum.

— Látinn er í Ottawa á sunnu-
daginn var Killam dómarí, for-
maður jarnbrautar nefndar Dom-
inion stjórnmánn, einn af mikil-
hafustu mönnum ríkisins.

— Á sunnudaginn var skaut sig-
til bana Alexander Ross, skrad-
ari í Winnipeg. Fjarkröggur taldar
orsök til þessa tiltektis.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Bejurstjórnar kosningar fóru
fram í Reykjavík seint í jan. sl.,
undir hlutfallskosninga lögunum,
og af 15, sem kosnir voru í bejars-
stjórnina, hlutu 4 konur kosningu.
Frú Katrín Magnússon, Frú Þór-
unn Jónasson, ekkjufrið Briet Björn-
hómsdóttir og frú Guðrún Björns-
dóttir. Goodtemplarar komu sex
manns úr sinnum flokki að bejars-
stjórnina. — Í Rvík var slátrað
á sl. hausti 26 þús. sauðfjár, af því
nær 2 þúsund skrokkar sendir til
útlanda. — Viðey við Rvík var
nýlega seld til millfóna félagsins

svo nefnda, sem kaupm. P. Thor-
steinsson á hlutdeild í, fyrir 150
þús. kr. Þessi jörð var fyrir 8 ár
um seld fyrir 30 þús. kr. — Tíð-
arfar gott allstaða Íslandi í vetur,
— skrautblóm tind úr gördum
við Rvík um nýfarið. Lömbo fyrst
tekin á gjöf við Mývatn á þrett-
ándadagskvöld. — Hlaðali af
fiski á Ísafjarðardjúpi og víðar að
vestan og sunnan. — Blaðið
"Reykjavík" dags. 4. febr. auglýs-
ir, að Páll Bergsson, frá Duluth í
Minnesota ætli að halda fyrirlestur
um Ameríku þar í bænum, og
hvetur fólk til að hlusta á hann af
því að hann mun verða áreiðan-
legri lýsing af ástandi fólks hér
vestra, heldur en upplýsingar þær,
sem þangað berist með nýttkomun-
um stjórnmálaklingi, sem nýl. hefi
verið sendur þangað frá Canada.

Vextir á Íslandsbanka ná færir
niður í 7 prósent. — Húðhrúni
varð í Keflavík 22. jan. Næstu hús
um varð bjargað með því, að
breiða blaut segl yfir þau. — Ný-
lega er látin í Skagafirði Guðrún
Antoníusdóttir, rúmlega 100 ára
gömul, hafði dvalið 98 ár sam-
fleytt í Akrahreppi, og aldrei kom-
ið í kaupstað á æfi sinni. Hún haf-
ði gleðnaust til æfíloka.

— Hálftugur "baslari" á Seyðis-
firði, þórhallur Sveinsson að nafni,
skar sig til bana 9. jan. sl. — 5
ára vinsuleyfi veitt á Akureyri
með miklum yfirbúðum atkvæða.

— Séra Þirni Þorlákssyni á
Dvergasteini var af Goodtemplur-
um haldið heiðursamsæti í R-
vík, í viðurkenningararkyni fyrir
starf hans í þágu hindúisshreyf-
ingarinnar á Íslandi. — Náma-
félagið "Málmar" í Rvík hefur fengið
framleidd námagrafftarlyfi sitt.
Það verður að vera byrjað að
græða eftir málm fyrir nýjar 1912.

— "Bóndinn á Hrauni" hefur
nýtt leikrit, sem Jóhann Sigur-
jónsson hefur samið og prenta lá-
tið. — Borgarafundur Akureyr-
ingar haldið til þess að ræða um
og gera ráðstafanir til þess, að Ís-
lendingar taki þátt í íþróttamót-
inu í Lundúnum í sumar komandi.

— Ungmennafélagið Akureyrar var fál-
tið að standa fyrir fjársöfnun til að
bera kostnað við sendingu Íslend-
inga á mótið. Vanta nú þess, að
aðrir staðir á Íslandi fari að dema
Akureyringa í þessu efni og komi
því í framkvæmd að Íslenskir í-
þróttamenn etji við útlendinga í
sumar. — Mannfjöldi í Rvík var
í okl. sl. 10.300, en er að fjákindum
órðinn nær 12 þúsundum nú.

— Norðmenn ölluðu við Ísland sl. ár
rúmar 173 þús. tonnvar sildar. En
í fyrra varð aflinn rúmar 140 þús.
tonnvar. — Nær 500 blændur í
Rangárvallasýslu hafa sent keru-
skjal til þings og þjóðar út af mis-
rétti, sem þeim er sýndur. Landið
veitir 80 þús. kr. til gufuskipa-
ferða, en Rangvellingar fara á mis-
við alla hagsmuni af þeim ferðum.
Landið veitir 76 þús. kr. til gufu-
bátaleiða, og af þeirri upphæð eru
Rangvellingum ætlaðar 600 kr., —
jafngildi þess, sem ein leikkona fær
fyrir að skemta Reykvikungum.
Suðurhlíð landsins öll fær 600 kr.,
en vesturhlíð landsins fær 50 þús.
kr. Öfjant skilt fandsé. — Tal-

sína hafa allir kaupstaðir fengið,
án nokkurs tillags frá þeim sjálf-
um, en af Rangvellingum heimtar
stjórna 8 þús. kr. til þess hann fá-
ist lagður inn í sýsluna. Til flutu-
singsbrauta eru veittar 110 þús. kr.
Þar af fá Rangvellingar lítið eða
ekki. Alls eru 10 ákæru eða um-
kvörtunar atvöð í þessu skjali frá
Rangvellingum.

Fréttabréf.

FRÁ BERTDALE.
(Við Foam Lake).

Hér ber fátt til tíðinda. Veðr-
áttan hin sama þægilega og inn-
dæla. Heilsufar yfirkitt gott. —
Mildi vetrarins er það að þakka,
að allir komu skepnunum sínum í
brúkleikum holdum fram í sumar-
gróðurinn, þrátt fyrir knöpp og
klegg hefr frá sl. sumri í flestum
stöðum. Þrátt fyrir þeninga ekk-
una manna á meðal hér, heyrir
engar framtíðar aðrir né ómög-
leika kurr, það er til veit, neim-
staðar í bygginni. Allmargir munu
neyta hjálpsmi stjórnaðinnar —
því er kornsæði smertir, því fái-
höfðu þannig uppskeru í haust, að
treystandi sé frjómagn hveitisins,
árgangs og sist hafranna. Þótt
ekki hafi verið mikið hér um 'high
class' samkomur í vetur, þá hafa
menn allott komið saman við ýms
takifari og skemt sér vel. Fólk
er hér kátt, og það tíðkast hér, að
mér skilt, að hver reyni að gera
það sem hann getur í samkvam-
um til þess að gera samvindið
glatt og laðandi. Eg ætla ekki að
sérnefna neina samkomu hér, því
fréttaritari blaðsins letur þar eigi
sinn hlut eftir liggja, vonandi.

Nú er hin langþráða jarnbraut
loksins lögd til Foam Lake P.O.,
og er það í sjálfu sér ánægjulegt,
en að litlu hlö er lega teinanna þar
á meðan brautinn kemst ekki í
brúk, sem ýmsir spá, að muni ekki
verða fyr en seint á næsta sumri.
Auðvitað eru líka aðrir, sem vona
að C.P.R. sýni kærusemi sína með

því, að flytja vörur eftir henni
eins fljótt og því er mögulegt í
vor. Það líklega verður ómög-
legt, að senda nokkra Íslendinga
enn aftur til að tala yfir hausa-
sem þótti er á. Það haldal margir,
mótum félagsins og krefjast þess,
að brautinn myndi enn óþýgd vera,
hefði ekki landinn hafa á félagið
eins og hann gerði.

Heldur þykir sumum hér tregar
póstgöngur og býna laugt á milli
ferða Heimskringlu með köflum.
Þó er nú komið hér stáðsbláðið
síðasta, sem mætt hefur frekar
lökum átti í bygginni. Þykir samt
af einnu naumast hæfilegt í skraut
útgáfu, en vonandi verður næsta
bláðið betra. J.E.

Jónas Pálsson

PIANO KENNARI

729 Sherbrooke St. Winnipeg

TAKIÐ EFTIR!

Um leið og ég sendi kaupendum
UNGA ÍSLANDS síðustu blöð
árgangsins 1907, vil ég biðja þá
svo vel gera, að láta mig vita sem
fyrst, hvort þeir ætla að halda á-
fram að kaupa blaðið. Og ef vil
biðja alla þá, sem enn hafa ekki
sent borgu fyrir árganginn 1908,
að gera það sem fyrst. Eg á von
á í þessum mánuði byrjun þessa
árgangs og fylgibók síðasta árg-
angsins. Eins vil ég biðja þá, sem
óska að fá fyrri árganga blaðsins,
að láta mig vita það sem fyrst,
svo ég geti skrifað eftir þeim.

Ennfremur vil ég benda á, ef
einhver vildi vinna að eðrleisu
blaðsins, sem varí mjög fallega
gert, að tala eftir því, sem stendur
í desember blaðinu því við-
vikjandi.

Vinsamlegast,
G. Finnbergsson.

Hinn 14. febr. 1908 voru gefin
saman í hjónaband, að kirkju
"Concordia" safnaðar, Church-
bridge, Sask.:
Mr. Asmundur S. Loptsson og
Miss Kristín A. Heiður Svein-
björnsson — og
Mr. Eyólfur Gunnarsson og Miss
Sigríður S. Loptsson.

Oddur V. Gíslason,
prestur.

Herra Hannes Sigurðsson, að
Brú P.O., Man., er fyrsti Íslend-
ingur með uppborgaða \$1000 lífs-
byrgð í New York Læle félaginu.
Hannes tók ábyrgð sína fyrir 15
árgangum, og hefur síðan borgað í sjöð
félagisins \$44 á ári, eða alls um
\$660. Nú á hann kost á, að fá
eittþvað eitt af þessu:

1. \$174.97 í peningum, nú borgað,
og \$1000 til erfingja hans að
honum látum.
2. Ábyrgðin haldist með \$283.00
viðbót.
3. Ábyrgðin haldist og Hannes fái
\$12.44 árlega borgun meðan
meðan hann lifir.
4. Utbargað \$600.92 nú strax og
ábyrgðin fali úr gildi.
5. Ábyrgðin borgist og Hannes
látum með \$1322.
6. Ábyrgðin fali úr gildi, en Hann
esi borgist \$52.86 fyrir lífs-
árlega.

Nokkrir fleiri landar verða í man-
litis tíma binnir að borga ábyrgð-
ir sínar í þessu félagi.



Það er sparsamlegast

Af því það er óvanalega sterkt og verður meira
úr því en nokkru ördi te. Eitt pund af Blue Ribbon
te gerir 250 bolla, svo að með 50e verði fást 5
bollar fyrir eitt cent.

Það er Ekki mjög kostbær drykkur? og keim-
ur Blue Ribbon tessins er betri en allra annara te
tegunda.

Reynið eitt pund, og sannferist.